

Ár 2012, fimmtudaginn 4. október kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Ninna Sif Svavarsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson og Róbert Hlöðversson. Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Ninna Sif Svavarsdóttir formaður setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Innanríkisráðuneytinu frá 21. september 2012.

Í bréfinu er fyrirspurn um málstefnu Hveragerðisbæjar skv. 130. gr sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórnarlögin hafi falið í sér fjölmörg ný verkefni fyrir sveitarfélögin (fjármálareglur, siðareglur, nýjar samþykktir, endurskoðun samninga um samstarfsverkefni, o.m.fl.). Það hlýtur að vera eðlilegt að innleiðing laganna taki þónokkurn tíma og þurfa sveitarfélög, rétt eins og ráðuneytið, að forgangsraða verkefnum innan þess ferlis. Bæjarráð Hveragerðisbæjar mun m.a. líta til þeirrar fyrirmyndar sem felast mun í þeirri málstefnu sem sett verður fyrir Stjórnarráðið og bíða með setningu málstefnu Hveragerðisbæjar þar til hún liggur fyrir.

1.2. Fangelsinu Litla Hrauni frá 17. september 2012.

Með bréfinu fylgdi rit sem skjólstæðingur á Sogni gerði í sumar um örnefni á landareign Sogns.

Lagt fram til kynningar.

1.3. Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands frá 13. september 2012.

Í bréfinu er kynnt ágóðahlutagreiðsla 2012 en Hveragerðisbær fær greidda kr. 1.187.000.- í ágóðahlutagreiðslu frá EBÍ 2012.

Lagt fram til kynningar.

1.4. Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands frá 17. september 2012.

Í bréfinu er kynntar úthlutanir styrkja hjá Styrktarsjóði EBÍ en Hveragerðisbær fékk ekki styrk þetta árið.

Lagt fram til kynningar.

1.5. Veraldarvinum frá 18. september 2012.

Í bréfinu er kynnt starfsemi félagasamtakanna og óskað svara um það hvort Hveragerðisbær vilji nota þjónustu þeirra næsta sumar.

Bæjarstjóra falið að vera í sambandi við félagasamtökin með það fyrir augum að hingað komi að lágmarki tveir hópar næsta sumar.

1.6. Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 17. september 2012.

Í bréfinu er fjallað um rekstur almenningssamgangna á Suðurlandi. Með bréfinu fylgdu einnig samningar SASS við Sveitarfélagið Árborg og samningum um skólaakstur við FSi en bæjarráð óskaði eftir afritum af þessum samningum.

Lagt fram til kynningar.

2. Fjárhagsleg málefni:

2.1. Minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa frá 2. október 2012.

Lagt fram minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa vegna gjaldskrár fyrir tímabundna leigu á íþróttamannvirkjum.

Bæjarráð samþykkir gjaldskrána. Þau félög sem eru með þjónustusamninga við Hveragerðisbæ fá afnot af íþróttamannvirkum í samræmi við gildandi samninga.

3. Fundargerðir til kynningar:

3.1. NOS frá 18. september 2012.

3.2. SASS frá 21. september 2012.

3.3. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands frá 5. og 10. september 2012.

3.4. Skólaskrifstofu Suðurlands frá 13. september 2012.

3.5. Sorpstöð Suðurlands frá 21. september 2012.

3.6. Þjónustusvæðis málefna fatlaðra á Suðurlandi frá 14. og 21. september 2012.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:40

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)